

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1998. Rennur þá jafnframt út skipunartími þeirrar örnefna-
nefndar er starfað hefur samkvæmt heimild í 2. gr. núgildandi laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laga þessara er menntamálaráðherra heimilt að skipa örnefna-
nefnd fyrir þann tíma sem þar er greindur þannig að hún geti tekið við störfum 1. ágúst 1998.

Gjört á Bessastöðum, 11. maí 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

*Björn Bjarnason.***LÖG****um breytingu á lögum um almannatryggingar,
nr. 117/1993, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi: Þrátt
fyrir ákvæði 1. másl. b-liðar 1. mgr. 36. gr. laganna er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að
endurgreiða sjúklingum sem leituðu til sérfræðinga sem sagt höfðu sig af samningi við
Tryggingastofnun ríkisins hlut almannatrygginga í kostnaði vegna lækniþjónustu. Skilyrði
endurgreiðslu er að sjúklingur framvísi fullnægjandi reikningi og að viðkomandi sérfræð-
ingur hafi endurnýjað samning sinn við Tryggingastofnun ríkisins. Hafi sérfræðingur ekki
endurnýjað samning sinn af þeim sökum að hann hafi hætt rekstri sem sjálfstætt starfandi
sérfræðingur skal þó heimilt að endurgreiða sjúklingum hans samkvæmt framansögðu. End-
urgreiðslan skal miðast við gjaldskrá 1. september 1997 samkvæmt samningi Læknafélags
Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 7. mars 1996.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. maí 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.